

## Samráðsfundur

**Dags:** 8. maí 2009, Ráðhús Skagafjarðar

**Aðili:** Samtök um náttúruvernd á Norðurlandi (SUNN)

**Gestir:** Gísli Árnason, stjórnarmaður, og Halldór Magnússon (áhugamaður).

**Frá verkefnisstjórn:** Svanfríður, Elín og Tómas.

1. Svanfríður kynnti starf og hlutverk rammaáætlunar.
2. Samræður fóru um víðan völl og tæpt var á fjölmörgum málum og heimspekilegar hugleiðingar voru fyrirferðarmiklar. M.a. kom fram:
3. Þeir félagar töldu vinnu við rammaáætlun vera mjög mikilvæga og þarfa. Of lítið væri þó lítið til verndunar náttúrunnar almennt, t.d. ósnortinna viðerna. Svanfríður fullvissaði þá um að til þessa þáttar yrði lítið (Faghópur 1).
4. Lögðu þunga áherslu á að líta bæri til nýtingu orkunnar í máli fundarmanna. Þeir töldu að líta ætti meir til orkunotkunar á smærri sviðum og tóku t.d. fram að Steinullarverksmiðjan þyrfti aðeins 5 MW og fyrirhuguð koltrefjaverksmiðja 10 MW.
5. Villinganesvirkjun – „hætta gagnvart flúðasiglingum“.
6. Þeir töldu nýja útfærslu um að sameina Skatastaðavirkjun og Villinganesvirkjun engu breyta hvað flúðasiglingar áhrærði. „Fossá er enn inni og þar með er fljótasiglingum rústað.“ Litlu skipti þótt „Orravatnsrústum sé komið út fyrir línu“. Ekki mætti gleyma að áhrifasvæði virkjana nái niður allt héraðið og út í sjó, þ.á.m. á ströndina.
7. Að lokum kynnti Svanfríður starf og skipan faghópa og benti á heimasíðuna.